

Nd.

462. Breytingartillögur

[23. mál]

við frv. til l. um breyt. á umferðarlögum, nr. 40 23. apríl 1968, sbr. l. nr. 23 3. maí 1972 og l. nr. 25 24. apríl 1974.

Frá allsherjarnefnd.

1. 4. gr. orðist svo:

1. og 2. mgr. 11. gr. orðist svo:

Áður en bifreið, bifhjól, létt bifhjól, beltabifhjól eða dráttarvél er tekin í notkun skal eigandi ökutækisins eða umráðamaður senda lögreglustjóra þess umdæmis, sem hann er búsettur í, tilkynningu um það. Sama er um tengi- eða festivagna, sem eru 500 kg að eigin þyngd eða meira.

Fullnægi ökutækið settum reglum, skráir lögreglustjóri það í ökutækjaskrá. Jafnframt skulu sett skráningarmerki á ökutækið. Á bifreiðum skulu vera tvö skráningarmerki, að framan og að aftan. Á öðrum skráningarskyldum ökutækjum skal vera eitt skráningarmerki.

2. 5.—13. gr. falli niður.

3. Á eftir 20. gr. (sem verður 11. gr.) bætist við ný grein, svo hljóðandi:

Á eftir „Bifreiðaeftirlit ríkisins“ í 2. mgr. 83. gr. komi: Bilgreinasambandið.

4. 21. gr. (sem verður 13. gr.) orðist svo:

Ákvæði 4. gr. um skráningu beltabifhjóla koma til framkvæmda 1. maí 1976.

Ákvæði 10. og 11. gr. koma til framkvæmda 1. maí 1976.